

Fundargerð aðalfundar Orkunnar IS ehf.

Aðalfundur Orkunnar IS ehf. kt.6803190730 var haldinn þann 9. maí 2025 á Teams.

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason var mættur fyrir hönd hluthafa félagsins, SKEL fjárfestingafélags hf.

Formaður stjórnar setti fundinn og fór yfir lögmæti fundarins og lýsti hann lögmætan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

Var því mætt fyrir allt útgefið hlutafé í félaginu. Hluthafi lýsti yfir samþykki sínu fyrir því að falla frá formreglum sbr. 5.gr. 63.gr. laga nr. 138/1994 og 11.gr. samþykktu félagsins. Lýsti fundarstjórinn fundinn því lögmætan.

I. Ákvarðanir aðalfundar:

- 1) Auður Daníelsdóttir var kjörinn fundarstjóri. Inga Hrund Arnardóttir ritaði fundargerð fundarins.
- 2) Farið var yfir ársreikning félagsins og er hann staðfestur.
- 3) Ákveðið var að félagið greiði arð vegna reikningsárs 2024 að fjárhæð 300 millj.kr. Arðinn skal greiða með skuldabréfi. Samkvæmt því skal fyrri hluti arðgreiðslu að fjárhæð kr. 150 millj.kr. verður greiddur þann 21.ágúst 2025 og seinni hluti arðgreiðslu að fjárhæð kr. 150 millj.kr. skal greiddur 22. september 2025.
- 4) Ákveðið var að laun stjórnarmanna skulu greidd til SKEL fjárfestingafélags hf. vegna starfsmanna SKEL en beint til annarra stjórnarmanna. Ákveðið var að að stjórnarlaun hækki um 3,5%.
- 5) Þrír buðu sig fram í stjórn félagsins og voru þau kjörin, þau eru:
 - a. Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason
 - b. Magnús Ingi Einarsson
 - c. Liv Bergþórsdóttir

Í framboði til varamennsku í stjórn var Andrea Björnsdóttir og er hún sjálfkörin.

- 6) KPMG ehf. var endurkjörið endurskoðunarfélag félagsins.

Samþykktir félagsins liggja fyrir á fundinum, sem og ársreikningur félagsins fyrir árið 2024, sem samþykktur var á fundinum. Engar ókunnar, verulegar breytingar hafa orðið á rekstri félagsins frá árslokum 2024.

Fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðarbók:

Undirritunarsíða

Fundargerð aðalfundar Orkunnar 2025
Ásgeir Helgi Reykjörð Gylfason

Fundargerð aðalfundar Orkunnar 2025
Auður Daníelsdóttir

Fundargerð aðalfundar Orkunnar 2025
Inga Hrund Arnardóttir